


# Aðalfundur 2013

~ 5.febrúar ~



**Fundargerð**

Aðalfundur settur kl.19:30 í fundarsal á annari hæð Íþróttakademiunnar í Reykjanesbæ.

**Mættir:**

*Steinþór Agnarsson, Guðni V. Sveinsson, Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Gunnar M. Magnússon, Guðni Sigurjónsson, Ágúst H. Borgþórsson, Albert Guidice, Lúðvík Sigurðsson, Guðjón Hauksson, Guðmundur Á. Sigurðsson, Eiríkur H. Sigurjónsson, Ingólfur Einarsson, Sævar H. Jónatansson, Guðmar Marelsson, Gunnar B. Gunnarsson, Pétur Hjálmarsson og Árni Finnbogason(gestur).*

Magnús formaður setti fundinn og því næst var Sverrir kosinn fundarstjóri. Magnús formaður flutti skýrslu stjórnar og Sverrir gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir samhljóða eftir nokkrar fyrirspurnir. Félagsmenn lögðu til hækkun félagsgjalds í 12.000 og óbreytt unglíngagjald(5.500), einn sat hjá aðrir samþykktu. Guðni V. Sveinsson og Gunnar M. Magnússon voru endurkjörnir sem vallarstjóri og meðstjórnandi í rússneskri kosningu.

Ein tillaga um lagabreytingu lá fyrir fundinum og var hún samþykkt.

9. grein – Stjórn  
Stjórn félagsins er skipuð fjórum mönnum.  
Formaður, gjaldkeri/ritari, vallarstjóri og einn meðstjórnandi.  
Skulu þeir allir sitja stjórnarfundi félagsins.

Aðalfundur kýs formann og gjaldkera þau ár sem enda á jafnri tölu, en vallarstjóra og meðstjórnanda þau ár sem enda á oddatölu. Gjaldkeri skal gegna störfum formanns í forföllum hans.

**Yrði (breytingar feitletraðar)**

9. grein – Stjórn  
Stjórn félagsins er skipuð **fimm** mönnum.  
Formaður, gjaldkeri/ritari, vallarstjóri og **tveir** meðstjórnendur.  
Skulu þeir allir sitja stjórnarfundi félagsins.

Aðalfundur kýs formann og **meðstjórnendur** þau ár sem enda á jafnri tölu, en **gjaldkera** og vallarstjóra þau ár sem enda á oddatölu. Gjaldkeri skal gegna störfum formanns í forföllum hans.

Undir liðnum önnur mál var rætt um endurskoðun reikninga félagsins. Ágúst H. Borgþórsson var útnefndur af fundinum til að gegna því hlutverki. Einnig var rætt um öryggismál á Arnarvelli og kom fram að bæði er sjúkrakassi og slökkvitæki í kaffiskúrnum ef á þarf að halda.

Aðalfundi slitið kl.19:55.

Eftir að hafa gætt sér á dýrindis hnallþóru frá Björk hans Guðjóns var 2012 vídeóannáll FMS frumsýndur og skemmtu viðstaddir sér yfir honum næstu klukkutímana!

**Sverrir Gunnlaugsson**